

RÁÐHÚS

AKUREYRARBÆJAR

HÖNNUNARSAMKEPPNI

Dómnefndarálit

JÚLÍ 2021



Verkkaupi: **Akureyrarbær**

Samstarfsaðili:



INNGANGUR

Bæjarstjórn Akureyrar hefur ákveðið að ráðist skuli í viðbyggingu við Ráðhús Akureyrar að undangenginni samkeppni um útlit hússins. Markmiðið með framkvæmdinni er að færa alla miðlæga starfsemi Akureyrarbæjar á einn stað en fram að þessu hefur stjórnsýslan verið til húsa bæði að Geislagötu 9 og Glerárgötu 26.

Með því að sameina alla stjórnsýslu sveitarfélagsins undir einu þaki í húsnæði sem er alfarið í eigu Akureyrarbæjar næst fram umtalsvert hagræði og mun lægri rekstrarkostnaður til lengri tíma litið.

Ráðhús Akureyrar er eitt af kennileitum bæjarins. Húsið var byggt á árunum 1949-1966 eftir teikningum arkitektanna Eiríks Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar. Fyrst um sinn þjónaði það sem slökkvistöð bæjarins en þegar húsið var fullgert árið 1966 voru þar einnig Rafveita Akureyrar, tæknideild bæjarins, bæjarskrifstofur og skrifstofa bæjarstjóra.

Fyrsta verkefni dómnefndar var að semja samkeppnislýsingu. Í samkeppnislýsingu var m.a. farið yfir tæknileg atriði og lýsingar en einnig helstu áhersluatriði dómnefndar við mat á úrlausnum, atriði eins og heildarlausn og hugmyndafræði, byggingarlist í húsnæði, hönnun útisvæðis og umhverfis, sjálfbærni og kostnaðargát. Með viðbyggingu og endurbótum á eldra húsnæði ráðhússins skal fullnægt sem best þeim kröfum sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis nú til dags og jafnframt skal horft til þess að auðvelt verði að aðlaga húsnæðið að breytingum í framtíðinni.

Skilafrestur tillagna var til 24. júní 2021 og hafði 4 arkitektastofum verið boðið að taka þátt í samkeppninni að undangengnu forvali. Dómnefnd þakkar þátttakendum fyrir ríkulegt framlag til fegurri bæjarmyndar og betra Ráðhúss Akureyrar.

Það er trú mín að nýtt og endurbætt Ráðhús Akureyrar hæfi vel þeirri starfsemi sem þar fer fram og verði sveitarfélaginu öllu til mikils sóma.

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri á Akureyri

DÓMNEFND

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar:

Tilnefndir af Akureyrarbæ:

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri

Jana Salóme I. Jósepsdóttir nefndarmaður í umhverfis- og mannvirkjaráði

Unnar Jónsson, nefndarmaður í umhverfis- og mannvirkjaráði var tilnefndur í
forföllum Jönu Salóme I. Jósepsdóttur.

Ágúst Hafsteinsson, arkitekt FAÍ

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Hildur Ýr Ottósdóttir, arkitekt EPF-FAÍ

Birkir Ingibjartsson, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og trúnaðarmaður samkeppninnar var Dóra Sif Sigtryggisdóttir forstöðumaður
á umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar.

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Samkeppnin var hönnunarsamkeppni að undangengnu forvali sem var opið öllum sem uppfylltu skilyrði forvalslýsingar. Forvalið var auglýst á vef Akureyrarbæjar og á vef Arkitektafélags Íslands. Skilafrestur var til 30. mars 2021. Alls bárust 14 umsóknir um þátttöku í forvalinu, 10 almennar umsóknir og 4 “wild card” umsóknir. Forvalsnefnd gaf umsóknum stig í samræmi við forvalsgögnin og er niðurstaðan að eftirfarandi fjórum stofum var boðin þátttaka í boðkeppninni: A2F arkitektum, Studio 4A, Studio Granda og Yrki arkitektum.

Keppnislýsing var gefin út 16. apríl og fengu valdir hönnuðirnir rúma tvo mánuði til að skila inn tillögum. Skilafrestur var til 24. júní 2021.

Allar fjórar tillögurnar sem bárust voru metnar. Hverjum og einum keppanda voru greiddar tvær milljónir króna fyrir þátttökuna.

Greiddar eru aukalega ein og hálf milljón króna fyrir vinningstillöguna.

Dómnefnd hafði það að meginmarkmiði að finna tillögu sem leysti viðfangsefnið á heildstæðan hátt með vandaðri og góðri byggingarlist sem hæfði Ráðhúsi Akureyrar og væri í samræmi við áherslur sem fram komu í samkeppnislýsingu.

Ákveðið var að veita einni tillögu fyrstu verðlaun. Tillögurnar fjórar voru mjög ólíkar og svara væntingum keppnislýsingar misvel. Niðurstaða dómnefndar var að veita tillögu merktri 14604 fyrstu verðlaun og mælir meðhenni til frekari útfærslu.

DÓMNEFNDARÁLIT

Dómnefnd er sammála um að innsendar tillögur hafi verið frumlegar og sýnt fram á fjölbreytta nálgun á frekari stækkun á Ráðhúsi Akureyrar. Tillögur sýndu fram á ólíka nálgun á frekari þróun húsnaðis á lóðinni og hlutverki garðsins í samhengi við núverandi umhverfi og byggð. Dómnefndin var sammála um að tvær tillögur leystu á mjög svo áhugaverðan hátt stækkun á ráðhúsinu og fínar frágang á lóð sem dómnrefnd telur þeim til framdráttar. Viðfangsefni samkeppninnar var í senn margþætt og vandasamt úrlausnar. Að mati dómnrefndar var engin tillaga sem leysti að fullu öll þau úrlausnarefni sem koma fram í keppnislýsingu og áhersluatriðum dómnrefndar. Sú tillaga sem dómnrefnd kom sér saman um að veita 1. verðlaun er sannfærandi og svarar að mestu þeim úrlausnarefnum sem gefin voru.

Dómnefnd hélt fimm formlega fundi og þar af voru tveir heilir vinnudagar. Auk þess voru ráðgjafar fengnir til þess að kostnaðarmeta tillögur.

Dómnefnd þakkar keppendum fyrir þátttökuna.

Dómnefnd lagði höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

- Að viðfangsefnið sé leyst á heildstæðan hátt með vandaðri og góðri byggingarlist og styrki ímynd hússins sem Ráðhús Akureyrar.
- Að nýting rýma sé góð og bjóði upp á sveigjanleika og fjölbreytileika í útfærslu á vinnustöðvum.
- Að viðmót byggingarinnar gagnvart almenningi og lóðarhönnun styrki nánasta umhverfi.
- Að umferðar-, aðgengis- og öryggismál séu vel leyst.
- Að öll byggingarefni uppfylli ítrustu kröfur um góða endingu og lágmarksviðhald.
- Að umhverfissjónarmið, sjálfbærni og vistvæn hönnun séu höfð að leiðarljósi við hönnun.
- Að viðbygging og breyting á eldra húsi sé góð byggingarlist sem falli vel að umhverfi sínu.
- Að tillagan falli vel að heildarkostnaðarviðmiði verkkaupa.

Við yfirferð tillagnanna fjögurra komst dómnrefnd að niðurstöðu um val á verðlaunatillögunni.

Hér á eftir fjallar dómnrefnd sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og gefur henni umsögn.

SAMKEPPNISTILLÖGUR

1. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND: nr. 14604

HÖFUNDAR: Yrki arkitektar ehf

Sólveig Berg Emilsdóttir arkitekt, Ásdís H Ágústsdóttir arkitekt, Sigurður Kolbeinsson arkitekt, Melanie Lorenz arkitekt, Yngvi Karl Sigurjónsson arkitekt, Magnús Már Þorvarðarson arkitekt, Gunnar Ágústsson skipulagsfræðingur, Þráinn Hauksson landslagsarkitekt Landslag, Hnit verkfræðistofa og Raftákn.

Tillagan býr yfir sterku heildaryfirbragði þar sem samspil núverandi byggingar og viðbyggingar hennar er útfært með sannfærandi hætti. Viðbyggingin dregur fram gömlu bygginguna og stækkar ásýnd hennar um leið og lægri þverbygging til vesturs tengir starfsemi ráðhússins við lóðina og aðliggjandi bæjarumhverfi. Þannig verður ásýnd hússins úr austri frá Glerárgötu sterk, en vestan við húsið verður til nýr vel skilgreindur ráðhúsgarður fyrir starfsmenn bæjarins og íbúa.

Tillagan gerir ráð fyrir að ný skrifstofueining sé byggð við núverandi ráðhús í beinni línu til norðurs. Dýpt viðbyggingarinnar er litlu minni en núverandi ráðhús þannig að efsta hæðin verður að inn dreginni þakhæð þar sem byggingarnar tvær renna saman. Viðbyggingin er klædd með klæðningu úr ljósu graníti sem kallast vel á við ljósmúraða útveggi núverandi byggingarinnar. Gluggasetning er einföld og öguð og spilar þannig áfram með þekkt stíleinkenni höfundar núverandi ráðhúss, arkitektsins Sigurðar Guðmundssonar. Samspil viðbyggingarinnar og núverandi ráðhúss er þannig vel leyst og tekst tillöguhöfundum að skapa virðulega og sannfærandi heild þeirra á milli.

Nýr aðalinngangur er á milli nýja skrifstofuhlutans og núverandi ráðhúss. Núverandi aðalinngangur er aflagður og austurhlið hússins færð í upprunalegt horf, en upphaflegur aðalinngangur heldur sér sem aðkoma fyrir starfsfólk. Inn af aðalinnganginum frá austri eru þjónusturými hússins í einnar hæðar þverbyggingu sem liggur til vesturs inn í inngarð ráðhússins. Þverbyggingin virkar bæði sem aðkoma og þjónustuver fyrir gesti hússins, en einnig er þar stærri fundarsalur sem opnast inn í rýmið og matsalur starfsfólks hússins með aðgengi út í inngarð til suðurs. Alrýmið á jarðhæð er að mörgu leyti ágætlega leyst og virkar vel sem sveigjanlegt fjölnotarými sem tengir vel saman ólík hlutverk ráðhússins sem er allt í senn vinnustaður, þjónustustofnun og stjórnsýslueining. Skoða þarf þó betur tengsl og samhengi þeirra rýma sem staðsett eru við alrýmið svo sem hvernig fundarsalur og matsalur eru tengdir innbyrðis.

Innri planlausnir í skrifstofuhlutum hússins eru einfaldar og skýrar og býður sú nálgun sem tillagan leggur til upp á talsverðan sveigjanleika í útfærslu. Skrifstofur og skrifstofubásar eru að jafnaði við útveggi en fyrir miðju hvernar hæðar er komið fyrir minni sameiginlegum vinnurýmum. Áfangaskipting tillögunnar ætti að vera nokkuð einföld þar sem hægt er að byggja norður- og vesturviðbyggingar í einum eða tveimur áföngum áður en ráðist yrði í innanhússbreytingar og byggingu á nýrri fjórðu hæð ofan á núverandi húsi.

Niðurstaða

Tillagan er í senn bæði nútímaleg, fágúð og ber ytri ásýnd tillögunnar með sér ákveðna festu sem fellur vel að hlutverki hússins sem Ráðhús Akureyrar. Samspil hins nýja við hið gamla ber með sér virðingu fyrir sögu hússins, en slær um leið skýran og metnaðarfullan tón til framtíðar. Með tilkomu þverbyggingarinnar verður til minni inngarður á lóðinni sem gæti orðið skemmtileg viðbót við bæjarmyndina. Inngarðurinn snýr til suðvesturs og færir hluta af starfsemi ráðhússins nær íbúum bæjarins. Þannig má vel sjá fyrir sér að garðurinn verði vinsæll viðkomustaður á góðviðrisdögum bæði meðal starfsmanna ráðhússins og annarra íbúa. Tillagan er vel unnin og sannfærandi og var það niðurstaða dómnefndar að veita henni 1. verðlaun og mæla með tillögunni til frekari hönnunar og útfærslu sem Ráðhús Akureyrarbæjar.



1. VERÐLAUN - Tillaga nr. 14604.

ATHYGLISVERÐ TILLAGA

TILLAGA AUÐKENND: nr. 20216

HÖFUNDAR: Studio 4A

Walter Hjaltested, Caterina Decker, Brynjar Darri Baldursson og Ólafur Baldvin Jónsson.

Tillagan er áhugaverð og heildstæð þar sem grunnhugmyndin og tilvísun í sögu hússins, í íslenskan byggingararf og umhverfissjónarmið er leyst með spennandi og nýstárlegum hætti.

Tillagan gerir ráð fyrir að lóð ráðhússins verði gerð að opnum gróðursælum almenningsgarði með ráðhúsið í honum miðjum. Húsið er stækkað til suðurs og norðurs þar sem eru nýir stiga- og lyftugangar og þar að auki er núverandi þakhæð hússins fjarlægð og í staðinn byggð tveggja hæða viðbygging ofan á steypa hluta hússins. Núverandi einnar hæðar viðbygging er fjarlægð og í stað hennar eru eldri hurðap frá tímum hússins sem slökkviliðsstöðvar endurvakin. Auk þess eru gluggap á jarðhæð til austurs stækkuð til samræmis sem tengir jarðhæð hússins vel við garðinn sem umlykur húsið og verður í raun hluti af honum. Staðsetning hússins fyrir miðju garðsins er áhugaverð og býr til nýtt samfelld borgarrými í kringum húsið. Um leið verður þó hætt við að aðkoman að ráðhúsinu verði ómarkviss og húsið einangrist ef engir skýrir gönguásar liggja í gegnum garðinn.

Hækkun hússins kallar á nýtt burðarvirki fyrir efri hæðirnar nýju. Er það leyst með utan á liggjandi óreglulega formuðum súlum úr þjappaðri jörð (e. rammed earth) með stálsúlum innan í sem bera uppi efri hæðir hússins og lárétta steypa gróðurkassa sem mynda lárétt gróðurbönd á hverri hæð hússins. Með þessu gjörbreytist ásýnd hússins sem á lítið sammerkt með núverandi byggingu. Súlurnar og gróðurbakkarnir gefa tillögunni afgerandi og nýstárlegt útlit sem er djarft og tengist vel markmiðuð um vistvæna hönnun. Að mati dómnefndar týnist þó núverandi ráðhúsbygging innan um hið nýja burðarvirki og lítið situr eftir sem minnir á núverandi byggingu. Þessari útfærslu fylgir einnig nokkur óvissa og erfitt að meta raunhæfni þessa hluta tillögunnar sem þó er afgerandi í hugmyndafræðinni um útlit hennar.

Tillagan vísar á skemmtilegan hátt í sögu hússins sem upphaflega var byggt fyrir Slökkvilið Akureyrar. Bæði er efnisval á jarðhæð hússins áhugavert í því samhengi, en einnig hvernig hurðap á jarðhæð eru endurvakin til að tengja móttökurými við garðinn. Nýr ytri hjúpur hússins hylur hins vegar núverandi ráðhús sem týnist að einhverju leyti innan um jarðsúlurnar.

Niðurstaða

Skemmtileg og óvænt tillaga þar sem efnisval og staðsetning hússins inn í miðjum garði vekur athygli. Styrkur tillögunnar er hve heildstæð lausnin er hugmyndafræðilega, en um leið verður það að hluta til íþyngjandi til útfærslu. Planlausnir eru fagaðar og vel leystar og gefa ljósmyndir af rýmum fyrirheit um þægileg og vönduð skrifstofurými fyrir starfsfólk bæjarins. Sveigjanleiki innan hvernar hæðar er þó mismikill og hætt við að einsleitni verði of mikil milli hæða. Áfangaskipting á verkinu yrði erfið þar sem flytja þyrfti alla starfsemi Ráðhúss Akureyrarbæjar í annað húsnaði á meðan framkvæmdum stæði.



Athyglisverð tillaga - nr. 20216.

TILLAGA AUÐKENND: nr. 18427

HÖFUNDAR: A2F ARKITEKTAR EHF

Aðalheiður Atladóttir arkitekt, Falk Krüger arkitekt, Björg Elva Jónsdóttir byggingafræðingur, Davíð Karlsson byggingafræðingur, Rick Ahnert arkitektanemi, Þórhildur Þórhallsdóttir landslagsarkitekt hjá Landmótun, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir lýsingarhönnuður hjá Ljósark, Krístrún Gunnarsdóttir hljóðfræðingur hjá Myrru hönnunarstofu og Mannvit.

Tillagan er að mörgu leyti mjög skýr og hógvær í nálgun sinni. Gerir hún ráð fyrir að norðan við núverandi ráðhús sé byggð ný skrifstofueining sem tengd er við eldri byggingu með glerklæddri tengibyggingu. Með þessum hætti verður lítil breyting á núverandi ráðhúsi sem fær áfram að njóta sín sem svo til stakstæð bygging á lóðinni.

Viðbyggingin er á þremur hæðum og er staðsett þannig á lóðinni að hún snýr langhlið sinni til norðurs og býr þannig til stuttan vinkel á núverandi ráðhús. Gefur það ráðhúsinu nýja framhlið sem snýr til norðurs út að Glerárgötu. Þar er nýr aðalinngangur en sá eldri á austurhlið núverandi ráðhúss er aflagður. Staðsetning aðalinngangsins til norðurs gerir hann áberandi frá Glerárgötu og aðgengilegan frá bílastæðum á norðurhluta lóðarinnar, en að öðru leyti er sú staðsetning ekki talin heppileg með tilliti til ríkjandi vindátta á svæðinu.

Hæð viðbyggingarinnar og ytri efnismeðhöndlun gefur tillögunni ákveðið látleysi og mýkt í samhengi við núverandi ráðhús sem er einni hæð hærra en viðbyggingin. Er hún klædd með ljósum standandi sementstrefjaplötum og hitameðhöndlaðri timburklæðningu. Gluggasetning er stílhrein og fellur vel að núverandi ráðhúsi. Tengibyggingin milli húsanna er létt stálgrindarbygging með glerklæddum útveggjum og þannig eru skilin á milli húsanna tveggja mjög skýr. Fyrirkomulag viðbyggingar og tengibyggingar gerir tillöguna einfalda í áfangaskiptingu þar sem bygging þeirra hefði lítil áhrif á starfsemi í núverandi ráðhúsi.

Í gegnum lóðina er markaður göngustígur sem liggur vestur fyrir ráðhúsið og tengir lóðina til norðurs og suðurs. Í bilinu við tengibygginguna á milli núverandi ráðhúss og viðbyggingarinnar er gert ráð fyrir litlum skjólsælum inngarði sem opnast til suðvesturs. Að öðru leyti markast landmótun á lóðinni af fjölda reita með bílastæðum sem verða fyrir vikið heldur fyrirferðarmikil.

Í tengslum við inngarðinn er matsal fyrir starfsmenn ráðhússins komið fyrir á jarðhæð viðbyggingarinnar. Inn af matsalnum er stærri fundarsalur ráðhússins staðsettur þar sem sýndur er möguleiki á að opna milli salanna tveggja. Anddyri hússins er í góðum tengslum við báða salina, en í beinu framhaldi af anddyrinu kemur tengibyggingin þar sem hægt er að fara yfir í eldri hluta ráðhússins eða á milli hæða um veglegan opinn stiga sem staðsettur er í tengibyggingunni. Að mati dómnefndar eru grunnmyndir efri hæða þó óþarflega niðurhólfadar og flóknar og þannig ekki í samræmi við væntingar um sveigjanleika í útfærslu.

Niðurstaða

Efnisval á klæðningum og hugmyndir að uppbyggingu viðbyggingarinnar falla ágætlega að markmiðum um vistvæna hönnun en endurbætur á núverandi skrifstofurýmum eru ekki leystar með sannfærandi hætti. Tillagan byggir við hlið núverandi ráðhús í stað þess að draga fram þau gæði sem núverandi húsnaði hefur yfir að bjóða. Flækir þetta innbyrðis tengsl bygginganna tveggja og verður tillagan fyrir vikið ekki nægjanlega sannfærandi sem stækkun á einu helsta kennileiti Akureyrarbæjar.



Tillaga nr. 18427

TILLAGA AUÐKENND: nr. 15530

HÖFUNDAR: Studio Granda ehf

Margrét Harðardóttir og Steve Christer

Tillagan er að mörgu leyti djörf og áhugaverð nálgun á viðbyggingu við Ráðhús Akureyrarbæjar. Meginhugmynd tillögunnar gengur út á að byggja einnar hæðar viðbyggingu á stórum hluta lóðarinnar í kringum núverandi húsnæði á lóðinni. Þar að auki er þakhæð núverandi byggingar fjarlægð og hún stækkuð líttillega og endurbyggð í samræmi við útlit viðbyggingarinnar á jarðhæð.

Þar sem viðbyggingunni er dreift um stóran hluta lóðarinnar verða fjarlægðir milli starfseininga langar sem gerir flæði þeirra á milli slitrótt. Samtímis eru planlausnir innan hvers hluta jarðhæðarinnar einsleitar með stórum sameiginlegum vinnurýmum með lítilli uppskiptingu. Þannig týnist þjónustuanddyri hússins að mörgu leiti í grunnmynd jarðhæðarinnar og matsalur starfsmanna og stærri fundarsalur hússins eru einangruð í suðaustur horni lóðarinnar. Grunnmyndir efri hæða eru ágætlega leystar og sína fjölbreytileika á milli hæða en þó vantar að gefinn sér skýr tonn eða hugmynd um hvernig þau verða útfærð.

Til að bæta við nýrri tengingu upp á efri hæðir er nýjum stigagangi bætt við á norðvesturhorn núverandi ráðhúss. Með stigaganginum breikkar norðurhlið hússins sem gerir hana áberandi í átt að Glerárgötu. Þar er risastórri útgáfu af skjaldarmerki Akureyrarbæjar komið fyrir sem gefur því skemmtilegan og áberandi sess á úthlið hússins. Stigagangurinn verður þó til þess að tillagan er nokkuð stærri en rýmisáætlun gerði ráð fyrir. Ekki verður þó séð að sú aukning sé nauðsynleg nema fyrir þær sakir að svo til öll viðbyggingin er á einni hæð í kringum núverandi ráðhús.

Þar sem viðbyggingin er teygð út í öll horn og jaðra lóðarinnar verður rýmismyndun á lóðinni lítil sem engin og óljóst hvernig viðbyggingin tengist bæjarmyndinni og nánasta umhverfi. Aðkoma að húsinu er óljós og erfitt að átta sig á hvar gengið er inn í bygginguna þótt hún liggi á allar hliðar út að aðliggjandi götum. Í stað þess að tengja starfsemi ráðhússins betur við umhverfi sitt einangrar viðbyggingin núverandi ráðhús og samræmist þannig illa einu af meginmarkmiðum samkeppninnar sem er að styrkja ímynd hússins sem Ráðhúss Akureyrar.

Niðurstaða

Útfærsla tillögunnar er frábrugðin öðrum tillögum í samkeppninni og er að því leyti áhugaverð. Tillagan nær þó ekki að mati dómnefndar að uppfylla þær kröfur sem settar voru fram í keppnislýsingunni.



Tillaga nr. 18427


Akureyri 13. júlí 2021:



Ásthildur Sturludóttir, formaður dómnefndar



Ágúst Hafsteinsson



Birkir Ingibjartsson



Hildur Ýr Ottósdóttir



Unnar Jónsson



Akureyrarbær